

Alþingi
Erindi nr. P 140/40
komudagur 7.11.2011

Umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar v. þingsályktunartillögu um úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði – Þingskjal nr. 12 á 140. löggjafarþingi.

Ég undirritaður vil koma á framfæri ánægju minni með að gera skuli gangskör að því að styrkja stöðu neytenda gagnvart fjármálafyrirtækjum.

Undirritaður vill koma á framfæri við nefndina þeirri ósk að bætt verði úr skorti á úrræðum sem virðist standa opinberum stofnunum og félagasamtökum sem eiga að verja hagsmuni neytenda fyrir þrifum. Vísað er til greinargerðar með tillögunni þar sem m.a. er rætt um eftirlit með gengistryggðum lánum. Einstaklingar með slík lán hafa neyðst til að leita réttar sins gagnvart fjármálafyrirtækjum fyrir dómstólum á eigin kostnað þar sem ríkisvaldið og umræddar stofnanir hafa ekki talið sér fært að aðhafast, beita stjórnvaldsákvörðunum eða reka mál fyrir hönd neytenda. Undirritaður hefur sjálfur sannreynt að ekki er mikla raunverulega aðstoð að fá, hvorki hjá embætti Umboðsmanns skuldara né Neytendastofu. Ennfremur hunsaði meirihluti efnahags- og skattanefndar umsögn vegna frumvarps nr. 151/2010, en þar sýndi undirritaður fram á að fyrirhugaðar breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu gætu haft í för með sér verulega íþyngjandi greiðslubyrði. Það eitt, út af fyrir sig, brýtur í bága við neytendalöggjöf ESB sem innleidd hefur verið hérlandis vegna EES-samningsins, sjá lög um samningsgerð, umboð og ógilda löggjörninga nr. 7/1936, gr. 36a-c og lög um neytendalán nr. 121/1994.

Rétt er að minna á að bæði núverandi efnahags- og viðskiptaráðherra og forveri hans í embætti skorðu á almenna neytendur að fara í mál við lánastofnanir vegna gengistryggðu lánanna og endurútreikninga á þeim. Það er ójafn leikur því að slík málaferli eru bæði mjög tímafrek og kostnaðarsöm. Auk þess virðast dómarrar, sumir hverjir, líta svo á að hægt sé að víkja til hliðar þeim lögum sem verja eiga rétt neytenda og innleidd hafa verið samkvæmt tilskipunum. Ef umræddar stofnanir/félagasamtök hefðu getað höfðað mál fyrir hönd neytenda verður að teljast líklegt að dómarrar hefðu tekið aðra afstöðu hvað varðar neytendalöggjöfina.

Að lokum vill undirritaður benda nefndarmönnum á nýja umfjöllun Evrópuréttarsérfræðings um stöðu neytenda gagnvart verðtryggðum lánum, sjá <http://evropuvefur.is/svar.php?id=60690>. Neytendavernd á Íslandi hlýtur að vera í lamasessi fyrst að opinberar stofnanir og neytendasamtök hafa ekki getað staðið betur vörð um lögvarinn rétt neytenda gagnvart fjármálastofnunum.

Reykjavík, 1. nóvember 2011 – Sigurður Hr. Sigurðsson, kt. 201062-5009.